

Reykjavík, 6. febrúar 2020

## Efni: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2020.

Ungmennaráð Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) stendur nú í ellefta sinn fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan fer fram dagana 1. - 3. apríl 2020 í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Lýðræðisleg áhrif. Hvar, hvenær og hvernig getur ungt fólk haft áhrif?*

Ráðstefnan er ætluð ungu fólki á aldrinum 16 - 25 ára. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og komast aðeins 80 þátttakendur að. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þáttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið í gjaldinu eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. UMFÍ styrkir 80% af ferðakostnaði. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á miðvikudeginum og til baka á föstudeginum. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá styrk fyrir ferðakostnaði.

Á viðburðinum er lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi, gefa einstaklingum verkfæri og þjálfun til þess að hafa aukin áhrif í sínu nær samfélagi.

Ungmennaráð UMFÍ hefur veg og vanda að ráðstefnunni.

Dagskráin verður með fjölbreyttu sniði. Kynningar, málstofur, hellings hópefli og önnur skemmtilegheit. Dagskrá verður birt innan tíðar.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er með öllu vímuefnalaus, á það einnig við um rafsígarettur.

Skráning stendur til 20. mars 2020. **Smelltu hér til þess að skrá.**

Nánari upplýsingar er að finna inn á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

*Ástþór Jón Ragnheiðarson*

Formaður Ungmennaráðs UMFÍ.